

## **Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

### **Fundargerð 39. fundur skólanefndar**

**23. september 2008**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Björg Ágústsdóttir, Eypór Benediktsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sigríður Finsen, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Ekki er búið að skipa áheyrnarfulltrúa nemenda.

#### **1. Fundur settur og endurkjör formanns skólanefndar**

Guðbjörg Aðalbergsdóttir setti fundinn kl. 17:00 og bauð fundarmenn velkomna. Kjartan Páll var samhljóða endurkjörinn formaður og þakkaði það traust sem honum var sýnt.

#### **2. Upphaf skólastarfs á haustönn, nýir kennarar, nemendatölur o.fl.**

Fjöldi nemenda á haustönn árið 2008 eru 312 talsins. Alls voru 276 nemendur skráðir til náms haustið 2007. Alls eru 64 nemendur skráðir í dreifnám haustið 2008. Um 90% dreifnema eru fullorðnir, en dreifnemendur þurfa ekki að mæta í skólann en mega mæta ef þeir vilja. Nú eru 24 nemendur í framhaldsdeildinni á Patreksfirði, en hún var útbúin með 25 nemendur í huga. Þess má geta að einnig eru 2 skiptinemar í FSN þetta haustið og eru þeir báðir í framhaldsdeildinni á Patreksfirði. Einnig eru 5 nemendur á starfsbraut þessa önn sem er umtalsverð fjölgun frá því í fyrra, en þá var enginn nemandi á starfsbraut. Af þeim 312 nemendum sem stunda hér nám eru 38 nemendur úr 10. bekkjum hér í kring.

Nýnemar haustið 2008 eru 72 talsins, sem eru um 80% af heildarfjölda árganganna hér í kring. Úr Grundarfirði hófu 86% nemenda nám við FSN, úr Stykkishólmi hófu 95% nemenda nám hér, úr Snæfellsbæ hófu 70% nemenda nám hér og af sunnanverðum Vestfjörðum hófu 67% nám hér. Á öllu landinu fara um 95% nemenda úr 10. bekk í framhaldsskólum. Skólanefndarfolki þætti forvitnilegt að vita hvort þeir sem ekki fara í skóla hér í FSN fari í skóla yfirleitt eður ei.

Það lítur út fyrir að stærsta útskrift í sögu Fjölbrautaskóla Snæfellinga desember 2008, en 20 nemendur stefna á útskrift á jólum.

Björg Ágústsdóttir spyr hvort að nemendur Grunnmenntaskólans séu inn í nemendatölum fyrir FSN, en svo er ekki. Nemendur Grunnmenntaskólans eru nemendur hjá Símenntun.

Einkennandi fyrir haustið 2008 er góður vinnuandi og vinnusamur hópur kennara og nemenda. Til starfa tóku 2 nýir kennarar, það er Jakob Bragi Hannesson íslensku- og

lífsleikni kennari og Sigríður Guðbjörg Arnardóttir umsjónarmaður starfsbrautar. Hættur er Tryggvi Már Gunnarsson íslenskukennari.

### 3. Ný lög um framhaldsskóla

Helstu breytingar sem ný lög um framhaldsskóla munu hafa í för með sér ræddar. Ljóst er að þessu nýju lög munu fela í sér veigamiklar breytingar á skipulagi námsins. Lögin tóku gildi 1. ágúst 2008 en verða að vera komin til framkvæmda árið 2011. Farið var yfir helstu atriði nýju laganna:

- *Réttur nemenda til skólavistar og náms styrktur með fræðsluskyldu til 18. ára aldurs.* Allir nemendur þurfa þó að fara eftir skólareglum. Með þessu er réttur nemenda til skólavistar markvissari.
- *Gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám óskorðað en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar.* Miðstýring hvað varðar námsframboð er minnkuð, en ráðuneytið þarf samt að samþykkja brautir og þær verða hluti af skólanámskrá.
- *Skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, sveikjanleiki námsskipulags stórauðinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi.* Nemandinn og þarfir hans eru í forgrunni. Einnig hefur ramminn um gjaldtökur verið þrengdur og ekki heimilt að rukka nemendur fyrir ýmsa þjónustu.
- *Ráðgjöf og stuðningur við nemendur efldur.* Þetta er nú frekar erfitt í framkvæmd án frekari fjárveitinga. Tekið verður upp svokallað framhaldsskólapróf þar sem hægt er að fara styttri leið. Þetta framhaldsskólapróf mun staðfesta að nemendi hafi stundað nám en ekki þarf að ná lágmarkseinkunn.
- *Framhaldsskólum veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum.* Skólanefnd velltir fyrir sér hversu langan tíma samþykkt ráðuneytis taki. Í kjarna stúdentsprófs þurfa að vera þrjár námsgreinar; íslenska, stærðfræði og enska. Við mótun námsbrauta þarf að taka tillit til viðtökuskólanna, háskólanna.
- *Dregið úr miðstýringu á námsframboði og í námskrágerð.*
- *Aukið svigrúm og sveigjanleiki við gerð námsbrautarlýsinga með nýju einingamatskerfi.* Nýtt einingakerfi felur í sér að það þarf að brjóta upp allt kerfið. Nú á að mæla vinnu nemenda líka, það er hvað liggur mikil vinna að baki hvernar einingar. Heimavinnan metin því hún er framlag nemenda. Hversu mikil heimavinna liggur að baki hvernar einingar er mjög mismunandi eftir fögum, sbr. ípróttir, íslenska eða verknám.
- *Mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi gert gagnsætt og stúdentspróf á bóknáms- og verknámsbrautum jafngilt.* Nú er hægt að blanda saman verknámi og bóknámi.

- *Menntastofnunum falin aukin ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flugning milli skólastiga.*
- *Leitast við að tryggja hag og stöðu nemenda í iðn- og verknámi, og starfsnámi almennt, meðal annars með því að framhaldsskólar beri ábyrgð á vinnustaðanámi.*
- *Leitast við að tryggja gæði náms með því að stórefla mat og eftirlit og með stuðningi við umbætur í skólastarfi. Matið og eftirlitið er í höndum Menntamálaráðuneytisins.*

Hlutverk skólanefndar kom einnig til tals. Áður var gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun og starfsáætlun væri í höndum skólanefndar en með tilkomu nýju laganna er þessi áætlanagerð í höndum skólameistara. Hlutverk skólanefndar er meðal annars að auka tengsl skólans við atvinnulíf og menningarlíf. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar. Fulltrúi úr hópi foreldra á sæti í skólanefnd. Björg leggur til að við drífum í því að koma á þessu foreldraráði.

#### **4. Fjármál**

Haustið verður dýrt vegna mikillar yfirvinnu og tilkomu starfsbrautar. Einnig eru nokkuð margir nemendur umfram áætlanir og fjárveitingar. Þó er búið að samþykkja aukafjárveitingar vegna launahækkana.

Árið 2007 skilað 2,7 milljónum í hagnað samkvæmt ársreikning. Samsetning nemenda hér í FSN er frekar hagstæð rekstrarlega.

#### **5. Önnur mál**

a) Samgöngur: Ólína spyr hvernig samningum við TREX væri háttað. Í ágúst tóku Guðbjörg skólameistari og Guðrún fjármálastjóri þá ákvörðun um að framlengja samningi við TREX í stað þess að fara í umfangsmikið og kostnaðarsamt útboð á rútuakstri. Skriflegur samningur liggur þó ekki fyrir. Ástæða fyrir spurningu Ólínu er sú að Hópferðabílar Svans Kristóferssonar ehf. hafa lýst eftir áhuga á að fá að bjóða í rútuakstur. Spurningum hvort ætti að hafa skólanefnd með í ráðum varðandi rútuakstur varpað fram.

Fundi slitið kl. 19:00 og næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 4. nóvember kl. 16:30. Skólameistari mun boða fundinn þegar nær dregur.